

Efnisyfirlit

1	Ár breytinganna	2
1.1	Byggðasamlag leyst upp	2
1.2	Starfsmannahald og boðleiðir	2
1.3	Húsnæðismál	3
1.4	Húsnæði leigt til MB	4
1.5	Samstarf við eldri borgara	4
1.6	Skráningar	4
2.	Héraðsbókasafn Borgarfjarðar	5
2.1.	Innkaup	5
2.2	Eintakafjöldi og skráningar	5
2.3	Gestafjöldi og fjöldi útlána	5
2.4	Fjöldi útlána helstu efnispátta árið 2007	6
2.5	Gjafir til bókasafns	6
2.6	Ný verðskrá	6
2.7	Samskipti	7
2.8	Bókakoffort handa leikskólabörnum.	7
2.9	Mæja spæja	8
2.10	Sameiginlegt aðgengi að bókasöfnum	8
2.11	Ljóðasýning nemenda fimmtu bekkja	8
2.12	Aldarminning Halldóru B. Björnsson	9
2.13	Upplýsingasiða um Pálssafn	9
3.	Héraðsskjalasafn Borgarfjarðar	10
3.1	Almennt	10
3.2	Þjónusta	10
3.3	Skjalavarsla	10
3.4	Sýningar	11
3.5	Aðföng	11
4.	Munasafn	14
4.1	Byggðasafn	14
4.1.1.	Sýningaraðstaða á Bjarnarbraut	14
4.1.2.	Sýning um strand Pourquoi-pas?	14
4.1.3.	Munir úr dánarbúi gefnir til safnsins	14
4.1.4.	Undirbúningur að sýningahaldi	15
4.2.	Náttúrugripasafn	16
4.3.	Listasafn	16

Safnahús Borgarfjarðar

Ársskýrsla 2007

1 Ár breytinganna

Guðrún Jónsdóttir, forstöðumaður

1.1 Byggðasamlag leyst upp

Árið 2007 var á margan hátt óvenjulegt í rekstri Safnahúss. Miklar breytingar urðu og hófst árið með þeirri stærstu, þ.e. þegar byggðasamlag sem verið hafði um reksturinn var leyst upp um áramótin 2006/2007, þjónustusamningar gerðir við tvo fyrri sameigendur, Hvalfjarðarsveit og Skorradalshrepp, og Borgarbyggð varð eini eigandinn.

Á fundi byggðaráðs Borgarbyggðar þann 6. des. 2006 var ákveðið að stofna vinnuhóp um málefni Safnahúss og var það gert í kjölfar væntanlegra slita á byggðasamlagi. Jafnframt voru gerðir sérsamningar við tvo fyrri meðeigendur um þjónustu safnanna: Skorradalshrepp og Hvalfjarðarsveit, og voru þeir undirritaðir 7. desember. Samningurinn við Skorradalshrepp er um þjónustu skjala-, bóka, náttúrugripa- og byggðasafns, en við Hvalfjarðarsveit um þjónustu skjalasafns.

Hópurinn skilaði af sér tillögum sem teknar voru fyrir og samþykktar í sveitarstjórn 8. mars. Þar var m.a. kveðið á um að afar brýnt væri að leita úrræða í vörslumálum Safnahúss auk þess sem stillt var upp nýjum hugmyndum að skipuriti, sem síðan var tekið í notkun 1. maí. Þar er m.a. gert ráð fyrir að menningarnefnd Borgarbyggðar gegni jafnframt hlutverki stjórnar Safnahúss.

1.2. Starfsmannahald og boðleiðir

Í Safnahúsi voru í ársbyrjun þrír fastráðnir starfsmenn: Ása Harðardóttir, Jóhanna Skúladóttir og Sævar Ingi Jónsson. Ása gegndi forstöðumennsku fram til 1. mars. Sævar Ingi Jónsson tók þá tímabundið við starfi forstöðumanns þangað til það var fært undir embætti menningarfulltrúa, skv. ákvæðum ofangreinds vinnuáhlits. Því var komið á 1. maí og 1. október var starfshlutfall menningarfulltrúa aukið úr 50 % í 100 %. Í byrjun maí tók

Guðrún Jónsdóttir við forstöðumennsku af Ásu Harðardóttur. Um leið var starfið sameinað starfi menningarfulltrúa. Nýtt skipulag starfseminnar tók gildi á svipuðum tíma.

Í framhaldinu var nýtt starf munavardar auglýst. Umsækjendur voru tveir og var Sigrún Elíasdóttir sagnfræðingur ráðin, fyrst í 50 % starf sem áformað er að aukist í 100 % á árinu 2008. Útbúnar voru starfslýsingar fyrir forstöðumann og millistjórnendur og nýir starfssamningar gerðir. Um haustið var Helga Jóhannsdóttir ráðin í ræstingar og í sumar- og jólaafleysingum var Gréta S. Einarsdóttir sem einnig hafði verið hjá Safnahúsi sumarið 2006. Inga Björk Bjarnadóttir vann í tæpar þrjár vikur við afgreiðslustörf á bókasafni.

Millistjórnendur Safnahúss skv.álfati vinnuhópsins eru nú þrír og sinna hver sínu fagsviði:

Héraðsbókavörður – yfir héraðsbókasafni

Héraðsskjalavörður - yfir héraðsskjalasafni (og ljósmyndasafni)

Munavörður – yfir byggðasafni, listasafni og náttúrugripasafni

Pálssafn er sérstök undirdeild í bókasafni.¹ Í faghópi um það safn sitja eftirtalin auk forstöðumanns Safnahúss: Ása Ólafsdóttir og Ólafur Pálmason.

Ein fyrsta ákvörðun nýs stjórnunarteymis í Safnahúsi var að koma á vikulegum starfsmannafundum og var sá fyrsti haldinn 2. maí. Á árinu hafa alls verið haldnir 21 slíkur fundur. Fundargerðir eru strax að loknum fundi sendar til menningarnefndar og sveitarstjóra sem þannig eru alltaf upplýst um gang mála. Fundargerðir eru ennfremur lagðar fram á fundum menningarnefndar, sem eru fyrsta miðvikudag hvers mánaðar.

1.3 Húsnæðismál

Úrbætur í vörslumálum Safnahúss var málefni sem áður nefndur vinnuhópur setti í algeran forgang, en safnmunir hafa margir hverjir verið í bráðabirgðageymslum sem sumar eru afar ófullnægjandi. Munir eru varðveittir á alls þremur stöðum og afar brýnt að koma þeim á einn öruggan stað. Síðla árs var ákveðið að bjóða geymsluhúsnæði fyrir söfnin út á árinu 2008. Sú ákvörðun var tekin til baka á síðari stigum og er það verkefni nú fyrirhugað á árinu 2009 skv. þriggja ára áætlun sveitarfélagsins.

Á árinu komu fram verulegir gallar á húsnæði safnanna við Bjarnarbraut og varð m.a. vart við slæman leka nokkuð víða á suður- og vesturhlíð hússins. Meðal annars hafa orðið skemmdir á gólfum vegna þessa, en munir hafa sloppið. Framkvæmdasvið Borgarbyggðar

¹ Sjá 2.13 á bls. 9

hefur fylgst vel með ástandi hússins auk þess sem umsjónarmaður fasteigna, Bjarni Guðjónsson, hefur unnið að úrbótum. Síðla ársins var ákveðið að endurnýja nokkra glugga og er vonast til að með því verði komið í veg fyrir leka.

Starfsfólk Safnahúss hefur unnið þarfagreiningu á framtíðarnýtingu hússins við Bjarnarbraut og liggur hún þá fyrir ef niðurstaðan verður sú að hafa söfnin þarna til framtíðar í stað þess að byggja undir þau nær nýja miðbænum í Borgarnesi eins og einnig hefur komið til tals. Niðurstaða starfsfólks er sú að stækka þurfi athafnasvæði bókasafnsins og brýnt sé að útbúa snyrtingu fyrir fatlaða á efri hæð hússins. Ennfremur er tekið fram að forsenda þess að byggingin dugi til næstu framtíðar sé að lausn finnist á geymslumálum.

1.4 Húsnæði leigt til MB

Í lok júlí höfðu forsvarsmenn Menntaskóla Borgarfjarðar (MB) samband við Safnahús og fóru þess á leit að fá neðri hæð hússins að Bjarnarbraut leigða frá ágústbyrjun til áramóta. Mikill vilji var til að bjarga þessu og tókst með tilfæringum að losa nægilegt rými. Gerður var leigusamningur og nokkrar breytingar gerðar á húsnæðinu, t.d. settir upp milliveggir og fleira. Samstarfið á milli stofnananna á árinu gekk afar vel og er það starfsmönnum Safnahúss mikil ánægja að hafa lagt hönd á plóg við fyrstu skref þessa skólastigs í héraði.²

1.5 Samstarf við eldri borgara

Ákveðið var að hafa sýningu byggðasafns um Pourquoi-pas?³ opna alla daga sumarsins frá kl. 13-18, jafnt virka daga sem helgi- og hátíðisdaga, frá 1. júní til 1. sept. Í þessu sambandi var sérstaklega leitað eftir samstarfi við eldri borgara í héraði og alls tóku sjö þeirra að sér safnvörslu. Þessi gjörð er byggð á því að hluti af upplifun menningararfsins er fólgin í reynslu og bakgrunni safnvarðarins. Í september var haldinn fundur með safnvörðum og gerð úttekt á framkvæmdinni sem þótti afar farsæl.

1.6 Skráningar

Á byggðasafninu eru á níunda þúsund gripa og hafa þeir fram að þessu verið skráðir í gagnagrunninn FileMaker. Í nóvember hófst síðan skráning í SARP. Skjöl og myndir í skjalasafni verða áfram skráð í FileMaker og bækur í Gegni. Á árinu var tekin ákvörðun um að skrá bækur í Pálssafni einnig í Gegni og hefst það verkefni í janúar 2008. Með þessum aðgerðum hefur verið tekið stórt skref í að koma skráningarmálum safnanna í gott horf.

² Í árslok var samið um að skólinn yrði í húsinu út janúarmánuð 2008.

³ Sjá 4.1.2. á bls. 14 í skýrslunni

2. Héraðsbókasafn Borgarfjarðar

Sævar Ingi Jónsson, héraðsbókavörður

2.1. Innkaup

Á árinu var sem fyrr reynt að festa kaup á flestum þeim bókum sem koma út á Íslandi og sérstakur gaumur er gefin af útkomu hljóðbóka en það færist mjög í vöxt að fólk nýti sér þannig „lestur“. Þá er Héraðsbókasafnið sennilega orðinn eini staðurinn í héraðinu sem lánar út myndbönd, því er stefnan á nýju ári að auka úrval þannig efnis.

Reynt er að nálgast bækur eða önnur gögn í millisafnaláni frá öðrum söfnum sé bókin ekki til á safninu. Er nokkuð um að gestir nýti sér þá þjónustu, t.d hafa erlendir grunnskólanemendur fengið bækur á sínu móðurmáli í millisafnaláni í gegnum bókasafnið. Eins er nokkuð um að Héraðsbókasafnið láni safnkost sinn til skóla og bókasafna í millisafnaláni, bæði innan héraðs og utan.

2.2 Eintakafjöldi og skráningar

Skráð eintök í Gegni, samskrá íslenskra bókasafna, voru í lok desember 34.741. Stór hluti eintaka í handbókaherbergi voru skráð í Gegni á árinu, nú hafa ættfræðibækur og félagatöl verið skráð en skráning annarra handbóka s.s orðabóka og stórra yfirlitsverka stendur yfir. Í lok ársins hófst skráning gamalla hljóðbóka á kassetum í Gegni og ætti því verki að ljúka von bráðar. Áður höfðu allir tónlistardiskar safnsins verið skráðir í Gegni og um leið gerð skrá yfir þá sem aðgengileg er á vef bókasafnsins.

Þá unnu þær Gréta Sigríður og Inga Björk áfram við að færa skrá um tímarit safnsins í tölvutækt form og er sú vinna langt komin. Stefnt er að því að sú skrá verði jafnframt aðgengileg á heimasíðu safnsins von bráðar. Tímarit eru skráð í Gegni og ætluð til útláns fyrst um sinn en þegar aldurinn færist yfir þau eru þau afskráð og færð í tímaritarekka safnsins. Ætti því ítarleg skrá yfir tímaritaeign safnsins að vera kærkomin.

2.3 Gestafjöldi og fjöldi útlána

Skráning yfir gestakomur á bókasafn hefur staðið yfir allt árið en skráð hefur verið niður á hverjum degi, alla gesti safnsins, hvaða erindi þeir hafa svo sem átt. Á sérstöku skráningarblaði sem notað hefur verið er líka skráð niður kyn lánþega, lánþegategund (börn,

fullorðnir, eldri borgarar) og einnig tími heimsóknna svo hægt er síðar meir að vinna með þær upplýsingar ef þurfa þykir.

Á árinu komu ríflega 6200 gestir á bókasafnið. Í árslok áttu 510 lánþegar gild lánþegaskírteini.

2.4 Fjöldi útlána helstu efnisþátta árið 2007

Bækur	15.080
Hljóðbækur CD/snældur	379
Myndbönd (Vhs/DVD)	263
Tímaritshefti	2007
Geisladiskar, tónlist	142
Samtals	17.871

2.5 Gjafir til bókasafns

Nokkuð er um það að fólk vilji gefa bókasafninu gamlar bækur og tímarit. Í flestum tilfellum tekur bókasafnið við þannig gjöfum með kærum þökkum, en þó með þeim skilmálum að bókasafni sé frjálst að ráðstafa gjöfum eins og það kýs, hafi það ekki not fyrir þær sjálft. Eftirtaldir hafa gefið bókasafni veglegar bóka gjafir á árinu:

Ástríður Sigurðardóttir
 Ingunn Sveinsdóttir
 Agnar Ólafsson
 Sigurbjörg Ólafsdóttir
 Bragi Straumfjörð Jónsson
 Lydia Guðrún Gísladóttir
 Þorvaldur Magnússon
 Sesselja Þorbjörnsdóttir

2.6 Ný verðskrá

Í lok árs var verðskrá bókasafnsins endurskoðuð og í framhaldi af því samþykktar breytingar á henni á starfsmannafundi 18. desember. Ekki er um stórar breytingar að ræða, þær helstar að lánþegaskírteini sem gildir í ár, kostar nú 1200 kr. í stað 1000 kr, og lítillæg hækkun er á myndböndum og Dvd, en lánstími jafnframt aukinn til að koma til móts við þarfir fólks í dreifbýli.

2.7 Samskipti

Sævar Ingi er meðlimur í Samtökum forstöðumanna almenningsbókasafna (SFA) en félagar þess hittast að jafnaði tvisvar á ári, á vorfundi sem stendur yfir í tvo daga og á eins dags haustfundi. Á fundunum bera félagar saman bækur sínar úr starfi sínu, flutt eru erindi, jafnt gesta sem félagsmanna og farið er í skoðunarferð um næsta nágrenni. Skiptast aðildarfélög á að halda fundina; en í ár var vorfundurinn haldinn í Reykjanesbæ 9. -11. maí en haustfundurinn á Akranesi 19. október. Sævar Ingi sótti báða þessa fundi.

Þá sótti Sævar Ingi fyrir hönd Borgarbyggðar aðalfund Landkerfis bókasafna hf. sem haldinn var í húsakynnum fyrirtækisins að Borgartúni 37 í Reykjavík 14. maí. Landskerfi bókasafna hf. er hlutafélag um rekstur sameiginlegs kerfis fyrir íslensk bókasöfn. Kerfið er í fullum rekstri og kallast Gegnir (gegnir.is). Borgarbyggð er einn af fjölmörgum hluthöfum, enda safnkostur víða í bókasöfnum í héraðinu, jafnt almenningsbókasöfnum (Héraðsbókasafn, Snorrastofa) sem og í skólabókasöfnum skráður í Gegni.

2.8 Bókakoffort handa leikskólabörnum

Á árinu tók bókasafnið upp nýjung sem lýtur að aukinni þjónustu við leikskóla sveitafélagsins. Verkefnið nefnist *Bókakoffort handa leikskólabörnum* og er hugmyndin sótt til Borgarbókasafns Reykjavíkur en einnig hefur verkefnið verið prófað í leikskólum í Reykjanesbæ með góðum árangri. Það felst í því að starfsmenn leikskólanna koma á bókasafnið og velja bækur í bókakoffort sem í okkar tilfelli eru marglitir plastkassar sem bókasafnið útvegar og á. Starfsfólk setur síðan sjálf reglur um hvernig útlánnum skal háttað á þeirra leikskólum og hversu lengi koffortið gengur í það og það skiptið. Snemma árs var verkefnið prófað í leikskólanum Klettaborg í Borgarnesi, en um haustið voru send bréf á alla leikskólastjóra leikskóla sveitafélagsins og þeim boðin koffort til láns. Í lok árs voru bókakoffort á þremur leikskólum í héraðinu; Leikskólanum Klettaborg, nýja leikskólanum Uglukletti og Leikskólanum Hnoðraból á Grímsstöðum í Reykholtssdal. Hafa fleiri leikskólar sýnt verkefninu áhuga. Markmið þess er að auka aðgang barna á leikskólaaldri og foreldra þeirra að bókum og jafnframt að hvetja foreldra til að lesa fyrir börn sín. Í leiðinni er minnt á bókasafnið og hlutverk þess.

2.9 Mæja spæja

Í samstarfi Útvarpsleikhússins og almenningsbókasafna víðavegar um landið voru tveir fyrstu þættirnir í svakamálaleikritinu *Mæja spæja* eftir Herdísí Egilsdóttur frumfluttir samtímis á um 30 bókasöfnum 25. júlí. Jafnframt var efnt til litasamkeppni og þátttakendum gefnar Mæju-spæju blöðrur í tilefni dagsins. Héraðsbókasafnið tók að sjálfsgöðu þátt og var hér um skemmtilegan og vel heppnaðan viðburð að ræða, þó mæting hefði mátt vera betri. Þess má geta að sól skein skært þennan dag sem vafalaust hefur haft sín áhrif, eins má ætla að margir séu á faraldsfæti svona yfir hásumarið.

2.10 Sameiginlegt aðgengi að bókasöfnum

Í maímánuði í kjölfar viljayfirlýsingar menningarmálanefnda Akraneskaupstaðar og Borgarbyggðar um aukið samstarf á sviði menningarmála, gerðu Bókasafn Akraness og Héraðsbókasafn Borgarfjarðar með sér samkomulag um að eigi lánþegi gilt skírteini í Bókasafni Akraness getur hann nýtt sér þjónustuna í Héraðsbókasafni Borgarfjarðar og öfugt. Því er hægt að taka bækur að láni á öðrum staðnum og skila á hinum.

Árgjald ákvarðast af gjaldskrá bóksafnsins í því sveitarfélagi sem lánþeginn á lögheimili. Útlánagjöld, sekt og önnur gjöld miðast við það bókasafn sem notað er hverju sinni.

Margir hafa nýtt sér þessa auknu þjónustu safnanna, ekki hvað síst skólafólk. Vegna búsetu sinnar í nágrenni við Akranes hefur Sævar Ingi séð um að koma bókunum til skila á rétt safn, á leið sinni heim úr vinnu.

2.11 Ljóðasýning nemenda fimmtu bekkja

Í þriðja sinn var ljóðasýning nemenda fimmtu bekkja haldin í Safnahúsi á degi íslenskrar tungu þann 16. nóvember. Árið 2006 þegar sýningin var haldin í annað sinn var hún jafnframt stækkuð og haldin einskonar opnunarhátíð í Safnahúsi þar sem hinum ungu listamönnum var boðið að koma í heimsókn, skoða frumsamin ljóð sín og myndskreytingar sem höfðu verið hengd uppá vegg og taka þátt í léttum leikjum undir stjórn Jóhönnu Möller. Að leikjadagskrá lokinni var boðið uppá veitingar. Sama fyrirkomulag var á þessum viðburði í ár, en vegna veikinda Jóhönnu stjórnaði Birgitta Stefánsdóttir leikjadagskránni. Verslanirnar *Samkaup* og *Bónus* gáfu veitingar eins og árið á undan og *JPV* gaf bókaverðlaun. Allir grunnskólarnir í nágrenninu tóku þátt í ár fyrir utan Heiðarskóla sem sat hjá nú í fyrsta skipti. Laugargerðisskóli tók nú þátt í fyrsta sinn.

2.12 Aldarminning Halldóru B. Björnsson

Á árinu voru hundrað ár liðin frá fæðingu Halldóru B. Björnsson skáldkonu frá Grafardal í Hvalfjarðarstrandarhreppi (nú Hvalfjarðarsveit). Af því tilefni var á degi íslenskrar tungu opnuð lítil sýning á verkum hennar. Þar er einnig að finna nokkrar ljósmyndir sem dóttir Halldóru, Þóra Elfa Björnsson, lánaði Safnahúsi af þessu tilefni. Á opnunardaginn las Sævar Ingi Jónsson héraðsbókavörður upp kafla úr bókinni „Eitt er það land“ eftir Halldóru, en sú bók geymir bernskuminningar hennar. Halldóra var ein átta systkina frá Grafardal. Öll ortu þau ljóð og út hafa komið ljóðabækur eftir sex þeirra. Halldóra skrifaði einnig nýstárlegar smásögur en hvað þekktust er hún kannski fyrir þýðingu sína á Bjólfskviðu sem kom út að henni látinni árið 1983. Halldóra var því sannarlega fjölbreyttur höfundur. Gaman væri í framtíðinni að minnast fleiri merkra Borgfirðinga með þessum hætti og sýna verk þeirra.

2.13 Upplýsingasíða um Pálssafn

Á árinu vann Sævar Ingi upplýsingasíðu um hið merka bókasafn Páls Jónssonar frá Örnólfsdal í Þverárhlið sem staðsett er innaf handbókarherbergi. Síðan er aðgengileg af heimasíðu Safnahúss. Þar má finna ýmsan fróðleik um þetta sérstaka einkasafn Páls sem geymir margar afar fágætar bækur, en alls eru þar tæplega 6000 titlar. Í byrjun árs 2008 hefst vinna við að skrá safnið í Gegni, en fram til þessa hefur verið stuðst við skrá yfir safnkostinn í pappírformi, en þar kemur aðeins fram hvaða titlar eru til í safninu en ekki hvar þá er að finna í hillum safnsins. Mun því jafn aðgengileg skráning og Gagnis-skráin er nýttast öllum, ekki síður starfsfólki en gestum safnsins.

2.14 Viðburðir

Til annarra helstu viðburða sem tengjast bókasafni má m.a. telja þátttöku Safnahúss í dagskrá Borgfirðingahátíðar undir heitinu „Örlistahátíð“ föstudaginn 8. júní þar sem vinningshafar í smásagnakeppni UMSB lásu upp úr verkum sínum, Bakkabandið söng og Margrét Jóhannsdóttir frá Háhóli rifjaði upp þjóðsögur úr héraðinu. Þann 4. nóvember var einnig haldið upplestarkvöld með Böðvari Guðmundssyni, þar sem hann las upp úr nýútkominni bók sinni „Sögur úr Síðunni“ og ungar stúlkur úr Hvítársíðu prýddu kvöldið með tónlistarinnleggi: Fanney Guðjónsdóttir, Þorgerður Ólafsdóttir og Ásta og Unnur Þorsteinsdætur. Gerð er grein fyrir dagskrá sem haldin var á Degi íslenskrar tungu hér að ofan. Þann 6. desember var svo haldin svokölluð Tröllavaka, þar sem Steinar Berg og Bjarni V. Guðjónsson lásu upp úr nýútkomnum bókum sínum og Birgir Þórisson söng við undirleik Jónínu Ernu Arnardóttur. Ofangreinda viðburði sóttu um 300 manns samanlagt.

3. Héraðsskjalasafn Borgarfjarðar

Jóhanna Skúladóttir, héraðsskjalavörður

3.1 Almenn

Eftir að byggðasamlaginu um rekstur Safnahúss var slitið um áramótin 2006-2007 fellur Safnahús alfarið undir Borgarbyggð. Þann 10. desember var undirritaður samningur við Skorradalshrepp og Hvalfjarðarsveit um áframhaldandi vörsluhlutverk og þjónustu Héraðsskjalasafns Borgarfjarðar eins og var fyrir slit samlagsins.

Fyrstu 8 mánuði ársins var Héraðsskjalasafnið opið á sama tíma og Héraðsbókasafn Borgarfjarðar eða virka daga vikunnar frá 13-18 nema þriðjudaga og fimmtudaga sem er opið 13-20. Þann 1. september breyttist opnunartími skjalasafnsins þannig að afgreiðslutími þess er frá kl. 9-16 alla virka daga. En áfram gefst gestum skjalasafnsins tækifæri til að sitja í lessal Safnahússins meðan Héraðsbókasafnið er opið.

Héraðsskjalavörður er Jóhanna Skúladóttir og er hún í fullu starfi. Héraðsskjalavörður sótti nokkra fundi og námskeið í tengslum við starf sitt á árinu. Þjóðskjalasafn hélt námskeiðið „Opinber skjalavarsla í bráð og lengd“ fyrir héraðsskjalaverði og einnig voru haldnir fræðslufundir með starfsfólki Þjóðskjalasafns og héraðsskjalavörðum. Borgarskjalasafn bauð starfsfólki á héraðsskjalasöfnum á fræðslufund um skjalaflokkunarkerfi og á fyrirlestur um reglur stjórnsýslulaga og upplýsingalaga um aðgang að skjölum.

3.2 Þjónusta

Lán til gesta í lestrarsal voru 63 sem eru færri en árið áður en þá voru þau 113 talsins. Alltaf er að verða algengara að erindi komi símleiðis eða í tölvupósti og séu afgreidd þannig. Fjöldi skráðra afgreiddra fyrirspurna eru 130 og eru það einnig færri en árið áður en þá voru þær 220 talsins.

3.3 Skjalavarsla

Safnið fékk 37 skjalaafhendingar á árinu. Sjá nánar í lista um aðföng. Það eru færri afhendingar en árið áður en þá voru þær 43. Nokkur ráðgjöf var til bæði opinberra og einkaaðila varðandi skjalavörslu. Safnkostur er sem fyrr skráður í gagnagrunninn FileMaker og er skáningarfjöldi skjalafærslna 10.618 og ljósmynda 5.620.

3.4 Sýningar

Þann 22. mars voru liðin 140 ár frá því að Kristján konungur níundi löggilti Borgarnes við Brákarpoll sem verslunarstað og af því tilefni var sett upp sýning á skjölum, myndum og munum sem tengjast sögu verslunar í Borgarnesi. Ötull liðsmaður við uppsetningu sýningarinnar var Páll Guðbjartsson en hann lést stuttu síðar og er það mikill missir fyrir Safnahús Borgarfjarðar að njóta ekki lengur reynslu hans og starfskrafta.

Héraðsskjalasafnið var þátttakandi í samnorrænum skjaladegi þann 10. nóvember með sýningu á skjölum og myndum tengda viðfangsefninu „Mannlíf í skjölum“ og birtist sýningarefnið einnig á vefslóðinni; <http://skjaladagur.is>.

3.5 Aðföng

1. Eiríkur Ólafsson afhenti fundargerðarbækur Þverárhliðarhrepps 1957-1997.
2. Snorri Þorsteinsson og Guðmundur Kristinn Gunnarsson afhentu Uppskrift af annáli Halldórs Pálssonar á Ásbjarnarstöðum (1773-1863) „Ágrip um veðráttufar, mannalát og ýmislegt er við hefur borið á árunum frá 1772 til 1847 samantínt af H. Pálssyni og uppteiknað þannig.“ Með afhendingunni fylgir greinargerð um sögu uppskriftsins.
3. Jón Blöndal afhenti bréf til Elínar G. Blöndal frá Jóni P. Blöndal, syni hennar dags. í Reykjavík 20.10.1890.
4. Jón Blöndal afhenti afrit af vélrituðum minningum séra Ólafs Ólafssonar prests á Lundi 1885-1901 af þeim hluta sem fjalla um árin sem hann er á Lundi í Lundarreykjadal. Einnig afhenti Jón viðbætur við rímu um bændur í Lundarreykjadal eftir Jónatan Þorsteinsson.
5. Einar G. Pétursson afhenti miða nr. 5484 í happdrætti Húsmæðraskóla Borgarfjarðarhéraðs frá árinu 1942. Miðinn er úr dánarbúi Ólafs Jóhannessonar prófessors og ráðherra.
6. Ástriður Sigurðardóttir afhendir tvær ljósmyndir í ramma sem hengu á vegg á heimili foreldra hennar, Sigurðar Jónssonar frá Haukagili og Vilborgar Karelsdóttur.
7. Þorsteinn Þorsteinsson afhenti skjöl Veidifélags Grímsár og Tunguár. M.a. fundargerðarbók frá árunum 1982-2002, veiðibækur til 2002, gamlir samningar, afsöl og tryggingabréf, bréfasafn til 1994 og fl.
8. Árni Bragason afhenti fundargerðarbækur Búnaðarfélag Hvítársíðuhrepps 1950-2002 en þá sameinaðist félagið Búnaðarfélagi Þverárþings.

9. Sigurjón Valdimarsson afhenti veiðibækur Veiðifélags Norðurár fyrir árin 2003, 2004 og 2005.
10. Helga Guðráðsdóttir afhenti frá Kvenfélagi Reykdæla fundargerðabók 1973-2001 og reikninga 1983-1990.
11. Guðmundur Finnsson afhenti úr fórum föður síns, Finns Einarssonar, mynd af Guðmundi Tómassyni síðasta bónda í Tandraseli 1929-1944, Stóruskógum frá 1944-1979 og síðar í Borgarnesi. Guðmundur var mikill og góður sláttumaður og í þau skipti sem kappsláttur fór fram í Borgarfirði var hann sigurvegari. Heimild: Bæ.III:440.
12. Pétur Geirsson afhenti fundargerðabók Norðarárdalshrepps 1959-1991.
13. Jón Blöndal afhenti bókhaldsskjöl, skuldabréf og. fl. frá Birni Blöndal.
14. Sigurjón Valdimarsson afhenti veiðibók Veiðifélags Norðurár fyrir árið 2005.
15. Sigurbjörg Björgvinsdóttir afhenti skjöl tengd föður sínum, Björgvini Fredriksen. M.a. æviágrip hans, skrá frá sýningu á smíðisgripum hans í Geysishúsi 17.12.1993 og blaðaúrklippur vegna rannsóknaskipsins Pourquoi pas?. Einnig afhenti hún ljósmyndir af Björgvini, myndverkinu Pourquoi pas? og af skipinu í Reykjavíkurböfn daginn áður en það fórst.
16. Claes Rechnitzer afhenti afrit af ýmsum skjölum úr eigu föður síns, Eigils Rechnitzer, sem hann safnaði í tengslum við þegar franska rannsóknarskipið Pourquoi Pas? fórst við skerir Hnokka. Rechnitzer eldri var sjóliðsforingjaefni á Hvidbjörnen og hitti Dr. Charcot og marga í áhöfninni í Reykjavík rétt fyrir slysið og flutti síðan hina drukkuðu frá Straumfirði til Reykjavíkur.
17. Bjarni G. Sigurðsson afhenti úr fórum Sigurðar Kristjánssonar Íslendingasögur; Laxdæla sögu og Njáls sögu. Búið hefur til prentunar Vald. Ásmundarson. Reykjavík 1895.
18. Snorri Þorsteinsson afhenti fundargerðabók Fræðsluráðs Vesturlands 1975-1986.
19. Snorri Þorsteinsson afhenti gögn frá Fræðsluskrifstofu Vesturlands. Gestabók 1991-1993 og þakkarbréf til Fræðsluskrifstofu fyrir þátttöku í starfskynningaverkefni 10. bekkjar Grunnskólans í Borgarnesi, 1999.
20. Solveig Jóhannsdóttir afhenti gögn systur sinnar, Jóhönnu Jóhannsdóttur ljósmóður. M.a. fæðingar- og skírnarvottorð, nafnskírteini, prófskírteini og ökuskírteini. Einnig er samantekt Solveigar um veru Jóhönnu í Borgarnesi auk ljósmynda.
21. Björn Stefánsson afhenti „Helför Pourquoi pas?“ grein eftir sig byggða á frásögn eiginkonu sinnar, Helgu Kristinsdóttur.
22. Birna Konráðsdóttir afhenti frá Veiðifélag Gljúfurár veiðibók 2005.
23. Þuríður Kristjánisdóttir afhenti 8 ljósmyndir úr Stafholtstungum tekna 1930-1965.

24. Þuríður Kristjánsdóttir afhenti 14 ljósmyndir sem Ingibjörg Helgadóttir frá Tungu í Svínadal átti.
25. Þuríður Kristjánsdóttir afhenti 37 ljósmyndir frá Magnúsi Péturssyni frá Geirshlíð. Margar myndanna eru af nemendum í Hvítárbakkaskóla.
26. Guðmundur Sigurðsson afhenti ljósmynd af Borg á Mýrum. Myndin er tekin áður en kirkjunni var snúið.
27. Einar Pálsson afhendir gögn úr forum föður síns, Páls Guðbjartssonar. M.a. samantekt um stofnun Hafnarsjóðs Borgarness, verslunarsögu Borgarfjarðar norðan Skarðsheiðar, samantekt og vinnuþlög um sögu Borgarneshrepps 1913-1994 o.fl.
28. Haraldur Jónsson afhenti 22 ljósmyndir úr forum Kristínar Sveinbjörnsdóttur frá Stykkishólmi. Flestar eru þær af fólki á Mýrunum en ekki eru þekkt nöfn allra þeirra.
29. Anton Ottesen afhenti nafnaskrá, reikninga og bréf frá Slysavarnardeildinni Faxi Innri Akraneshrepp. Skjölin eru frá árunum 1948-1972.
30. Guðjón Viggósson afhenti ljósmynd af Óskari Ólafssyni Rauðanesi.
31. Óskar Þór Óskarsson afhenti skjöl Slysavarnarsveitarinnar Oddnýjar eykyndils Hraunhreppi.
32. Bjarni Þorsteinsson afhenti skjöl Björgunarsveitarinnar Brákar.
33. Bjarni Þorsteinsson afhenti skjöl Slysavarnardeildarinnar Þjóðbjargar.
34. Garðar, Jón og Halldór Halldórssynir afhentu skjöl og myndir úr forum afa síns og ömmu, Jóns Björnssonar frá Bæ og Helgu Maríu Björnsdóttur frá Svarfhóli í Stafholtstungum.
35. Garðar, Jón og Halldór Halldórssynir afhentu skjöl og myndir frá Guðrúnu Laufeyju Jónsdóttur (Blöku).
36. Garðar, Jón og Halldór Halldórssynir afhentu skjöl og myndir frá Selmu Jónsdóttur.
37. Garðar, Jón og Halldór Halldórssynir afhentu skjöl og myndir frá Birni Franklín Jónssyni.

4. Munasafn

Sigrún Elíasdóttir, munavörður

Munasafn er samheiti yfir þrjú söfn: Byggðasafn Borgarfjarðar, Náttúrugripasafn Borgarfjarðar og Listasafn Borgarness.

4.1 Byggðasafn

4.1.1. Sýningaraðstaða á Bjarnarbraut

Í litlum hluta sýningarsvæðis á neðri hæð húsnæðis Safnahúss við Bjarnarbraut voru til sýnis munir frá Þórði blinda, en að öðru leyti var salurinn mikið leigður út, meðal annars til námskeiðahalda. Þegar Menntaskóli Borgarfjarðar fékk inni á neðri hæð hússins þurfti að pakka því sem var í sýningarsalum saman og setja í geymslur áður en iðnaðarmenn á vegum skólans komu og gerðu salinn kennsluhæfan með því að teppaleggja og setja upp milliveggi.

4.1.2. Sýning um strand Pourquoi-pas?

Þann 21. apríl var Pourquoi pas? sýningin í Englendingavík enduropnuð með hátíðardagskrá í tengslum við franskt vor í Reykjavík. Þar m.a afhentu börn Kristjáns Þórólfssonar formlega muni úr eigu hans tengda slysinu. Menningarráð Vesturlands styrkti verkefnið. Sýningin var svo opin alla daga vikunnar frá 1.júní til 1.september og þar stóðu 7 eldri borgarar vaktina mest allt sumarið. Um 600 manns sóttu sýninguna. Samstarfið við eldri borgara tókst það vel að líklegt er að framhald verði á því starfi næsta sumar með einhverjum hætti.

4.1.3. Munir úr dánarbúi gefnir til safnsins

Í október hófst skráning muna og skjala á Hagamel 15 í Reykjavík, þar sem Byggðasafninu hafði boðist að velja eigulega hluti úr dánarbúi Guðrúnar Laufeyjar Jónsdóttur, sem var kölluð Blaka. Hún var barnlaus og bjó í íbúð foreldra sinna, sem voru þau Helga María Björnsdóttir og Jón Björnsson frá Bæ sem var lengi kaupmaður í Borgarnesi og rak verslunina *Jón Björnsson og Co.* ásamt Jóni Björnssyni mági sínum. Í íbúðinni á Hagamel voru munir frá þeim hjónum og margt áhugavert fyrir bæði byggðasafnið og skjalasafnið að fá í sína vörslu. Einnig var þarna um að ræða muni úr eigu Björns Franklins og Selmu Jónsbarna, systkina Blöku. Það voru nánustu ættingjar þeirra, barnabörn Jóns og Helgu sem buðu safninu upp á þetta sérstaka tækifæri, bræðurnir Garðar, Jón og Halldór Halldórssynir.

Skráðir munir á safninu í árslok voru 9292 og hafa þá verið skráðir um 900 munir í safnið á þessu ári og munar þá mest um gripina frá Hagamelnum. En safninu hafa einnig borist ýmsar gjafir frá velunnurum:

1. Sigurbjörg Björgvinsdóttir gaf minnisvarða um Pourquoi Pas? strandið eftir föður sinn Björvin Fredriksen. Verkið er úr steini og málmum og stóð á sýningunni í Englendingavík í sumar.
2. Gunnar Bernburg gaf fyrsta harmonium (orgel) Borgarkirkju.
3. Ragnheiður Ásmundsdóttir gaf þvottapott úr Hvítársíðu.
4. Solveig Jóhannsdóttir gaf skatthol systur sinnar, Jóhönnu Jóhannsdóttur ljósmóður ásamt ýmsum handgerðum munum eftir Jóhönnu.
5. Ásdís Arinbjarnardóttir og Haukur Arinbjarnarson gáfu tæki til bókbindinga frá föður sínum Arinbirni Magnússyni sem lengi vann sem bókbindari.
6. Jóhannes Gestsson gaf tóbaksskurðarbretti frá heimili sínu Giljum í Hálsasveit.
7. Þórður Sigurðsson gaf 7 lögreglubúninga frá ýmsum tímum lögreglunnar í Borgarnesi.
8. Afkomendur Kristjáns Þórólfssonar í Straumfirði afhentu ýmsa persónulega muni frá Kristjáni sem bjargaði Frakkanum Gonidec úr fjörunni í Straumfirði, þar á meðal var orðan sem Kristján fékk frá franska ríkinu fyrir afrekið.

4.1.4. Undirbúningur að sýningahaldi

Unnið hefur verið hörðum höndum að því að skipuleggja sýningu á neðri hæð Bjarnarbrautarinnar fyrir sumarið 2008. Sú vinna felst aðallega í því að sækja um styrki í hina ýmsu sjóði og vinna með sýningarhönnuðinum Snorra Frey Hilmarssyni sem mun sjá um útlit sýningarinnar. Sýningin ber heitið *Börn í 100 ár* og verður sérstaklega ætluð skólahópum.

Gengið var frá samningi um aðgang og notkun á tölvukerfi Sarps á árinu til skráningar á munum Bygðasafnsins. Núverandi skráningarkerfi er FileMaker og þar er að finna alla muni safnsins. Þrátt fyrir það er ljóst að það þarf að fara yfir hverja færslu þegar skráin verður flutt yfir í Sarp þar sem núverandi skrá er ófullkomin og í hana vantar upplýsingar sem þurfa að vera til staðar í Sarpi. Verið er að reyna að afla fjár með styrkjum til að geta ráðið starfskraft til að færa skrána yfir í nýja kerfið.

Bygðasafnið hlaut 1,5 milljón í almennan rekstrarstyrk frá Safnaráði á árinu auk 250.000 kr. styrks frá Menningarráði Vesturlands vegna Pourquoi-pas? sýningarinnar.

4.2. Náttúrugripasafn

Á neðri hæð safnsins var náttúrugripasafnið uppi við framan af ári og nokkuð var um að börn úr Grunnskólanum í Borgarnesi kæmu til að líta á dýrin. Lítil starfsemi einkennir náttúrugripasafn héraðsins, og svo hefur verið árum saman. Plássið sem uppstoppuðu dýrin og steinarnir hafa er lítið og yfirleitt til bráðabirgða. Safninu var pakkað saman ásamt byggðasafninu í júlí og ekki er ljóst hvar það lendir í framhaldinu því í raun er ekki gert ráð fyrir sýningarsvæði undir það í núverandi húsnæði þó svo að einhver dýr verði notuð í barnasýningunni. Einhverjir hamir af dýrum eru til í frysti en ljóst er að ekki verður farið í það verkefni að auka við safnið á næstunni.

Þrátt fyrir aðstöðuleysi náttúrugripasafns hafa starfsmenn Safnahúss sett upp litla náttúrugripasýningu í handbókaherberginu einu sinni í mánuði. Þetta var ákveðið í samráði við einn kennara í Grunnskólanum í Borgarnesi, sem hvað mest hefur nýtt sér safnið. Kennarinn kemur þá á ákveðnum dögum með val hópa úr 1-4.bekk og þau skoða myndir og uppstoppaða fugla, minka, refi og sel sem eru vel merktir. Þau gera síðan létt verkefni þar sem unnið er úr upplýsingunum. Það hefur gengið vel og mun halda áfram þar til betri aðstaða fæst.

4.3. Listasafn

Í tengslum við Borgfirðingahátíð í júní opnaði Ragnheiður Stefánsdóttir ljósmyndasýningu í sal Listasafnsins. Mæðgurnar Ólöf Erla Bjarnadóttir og Kristín Erla Sigurðardóttir opnuðu svo sýninguna *Tímaleikir* 25.ágúst þar sem sýnd voru leirverk þeirra beggja. Þessar tvær sýningar skoðuðu 250 manns. Til stóð að Helena Guttormsdóttir stæði fyrir sýningu nokkurra þekktra listamanna en vegna ástands salarins var ákveðið að fresta því fram yfir áramót. Óvenju mikið flæddi inn í listasalinn að haustinu og var gólfefni orðið afar illa farið og að lokum komu menn til viðgerða. Snjólaug Guðmundsdóttir kom í byrjun desember, var með vörur sínar til sýnis og hélt uppi jólastemningunni á aðventunni.

5. Velunnarar

Þótt starfsfólk Safnahúss sé ötult í sinni vinnu á það ekki eitt heiðurinn af góðu ári. Fulltrúar í menningarnefnd hafa auk stjórnarstarfa sýnt velvilja sinn í verki og ýmsir aðrir hafa stutt við starfsemina með óformlegum hætti. Sumir stóðu vaktina á sýningum eða gáfu fagleg ráð, aðrir stunduðu fræðimannastörf eða fóru í gegnum ljósmyndasöfn. Nokkrir færðu góðar gjafir og/eða mættu á samkomur og hvöttu til góðra verka.

Starfsfólk Safnahúss þakkar öllum þessum aðilum fyrir verðmætt framlag þeirra til borgfirsks safnastarfs á árinu.

Gert í Borgarnesi í janúar 2008

Guðrún Jónsdóttir

Jóhanna Skúladóttir

Sigrún Elíasdóttir

Sævar Ingi Jónsson

Skýrslu þessa undirrita fulltrúar í menningarnefnd Borgarbyggðar;
sem jafnframt er stjórn Safnahúss Borgarfjarðar:

Sigríður Björk Jónsdóttir, formaður

Embla Guðmundsdóttir

Magnús Þorgrímsson

Jónína Erna Arnardóttir

Þorvaldur Jónsson